



Þeyr bræðir hjótu aðbenda á Borginni.

## Er alþjóð sexi?

Sumardagurinn fyrsti var góður dagur. Ekki aðeins vegna þess að hann gaf vonir um að kannski komi bráðum sumar. Það vorar nefnilega víðar en í náttúrunni um þessar mundir, vonandi vorar líka í sálinni, en alveg örugglega er grósugra sumar í vöndum í íslenskrum dægurlagatónlist heldur en allmörg undanfarin ár. Og á sumardaginn fyrsta kom út ný tveggja laga plata með hljómsveitinni Þey, eins konar vor-

mig, svo ég held ég sleppi því að reyna að útskýra þær. Lagið er, eins og reyndar „Heima er best“, helvíti gott, og ég held nokkuð eðlileg niðurstaða af því sem Þeyr hafa verið að gera í vetur. Flutningurinn er að sjálf-sögðu pottþéttur. Þeir hafa fundið, og eru að þróa, sáð sem er þeirra eigið, sáð sem er einhvern veginn allt öðruvísi.

En Þeyr gerðu fleira til að gera góðan dag úr sumardegnum fyrsta. Það byrjaði með



Popp

eftir Astráð Haraldsson

Þeyr. Plata þessi er að þeirra sögn fjögurra mánaða „af-rakstur áætlunar Þeys, og framundan eru fleiri mánuðir og fleiri áætlanir.“ Eg vona, og hef reyndar góða von um, að ein þessara áætlana sé um að gefa út nýja stóra plötu sem fyrst.

A nýju plötunni eru að finna „Life Transmission“ þeirra Hilmars Arnar Hilmarssonar og Hilmars Arnar Agnarssonar, og „Heima er Best“ Magnúsar Guðmundssonar. (Má kannski skoðast sem fyrirheit um að Þeyr muni ekki yfirgefa okkur eins og kollegar þeirra í Utan-garðsmönnum?) Það koma fram nokkuð athyglisverðar hugmyndir í textanum við „Life Transmission“, um Sammenhæng, eða Homo Gestalt, hugmyndir sem ég að visu skil ekki nema svona fyrir sjálfan

því að þeir héldu blaðamanna-fund á bilaverkstæði í Kópavoginum og bar ekki á öðru en kaffið og koniakið rynni ljúflega niður hálsa poppmeningarvitanna, ásamt með tónlist Þeys sem þar var leikin af segulbandi. Um kvöldið voru svo bestu tónleikar sem ég hef heyrt, síðan ég heyrði síðast í Þey, á Borginni. Undirtekjur voru frábærar, svo að erfðilega gekk að fá fólk til að yfirgefa húsið eftir að tónleikunum var lokið.

Eg held að það sé einsdæmi að íslensk hljómsveit nái jafn langt á jafn skömnum tíma eins og Þeyr hefur náð. Og ég vona að Þeyr haldi lengi, lengi áfram að, (eins og stendur í óháða áróðursbláinu þeirra „Út-frymi“) hafa andleg mök við alþjóð.

## Tónskóli Sigursveins

Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar er orðinn fjölmennasti tónlistarskóli á landinu. Og hann grundvallast fyrst og fremst á einkaframfakti kommúnista í hjólastól, sem nú er nýrðinn sjötugur. Það var nú eitthvað annað en pilsfalda-kapitalisminn.

Hugsjón Sigursveins er að

slapp fólk upp til hópa alveg við, þar til útvarpið kom til sögunnar fyrir fimmtíu árum. Tónlistarfræðsla í grunnskólum hefur lengstaf verið í skötulíki. Það er enn í dag sjaldgæft, að hljóðfæri séu til á alþýðheimilum nema helst gítarar, sem auglýsingapoppþið prangar inn á fólk. Og ýmis eru dæmi þess, að



Eyrna lyst

eftir Arna Björnsson

tónmennta alþýðuna. Það eru ekki nema um hundráð ár síðan íslenskur almenningur hafði fyrst einhverjar skynjar af hljóðfæraleik. Og þá helst harmóniku og orgeli fyrir utan fíblumeninguna í S.Þingeyjar-sýslu. Sigilda evrópska tónlist

börn og unglingar, sem langaði til að læra á hljóðfæri, urðu að neita sér um það, af því að ekki voru til peningar eða skilningur aðstandenda til að kaupa nauðsynlegt hljóðfæri til að æfa sig á. Sigursveinn vildi reyna að fylla upp í þetta skarð. Hann

## Söngvar fyrir fullorðin börn

Charles Ives:  
Songs-Lieder-Chansons  
Flytjendur: Dietrich Fischer-Dieskau, barítón Michael Ponti, pianó.  
Útgefandi: Deutsche Grammophon 2530 696 Polydor Int. GmbH 1976.

Charles Ives (1874-1954) er einn þeirra manna sem svo langt voru á undan sinni samtið, að hann hlaut ekki fulla viðurkenningu fyrr en hann var vel kólnaður í gróf sinni. Ives var óheppinn að vera fæddur Bandaríkjamannur (Danbury,



Hljómplötur - Klassík

eftir Halldór Björn Runólfsson

Connecticut, Nýja-Englandi), á þeim tímum þegar Evrópa ein var „vægga heimsmeningarinnar“, en óland og barbari alls staðar utan þar. Faum datt í hug að taka alvarlega, amerískt tónskáld sem teldi sig framúr-

stefnumann. Slíkt væru einungis sérreittindi listamanna frá gamla heiminum.

Þó naut Ives þess, að hann var Ameríkaní, hversu mótsagna-kennt sem það getur virst. Hann þurfti ekki að berjast slíkri heiftubugri baráttu fyrir viðurkenningu sem jafnaldri hans, Austurríkismaðurinn, Arnold Schoenberg, í landi rótgróinnar tónlistarhefðar. Bandaríkin höfðu hvorki átt Mozart né Schubert. Það var því ekki á neinn ráðist, þótt sonur fyrrverandi lúðrasveitarstjóra úr borgarstríðinu 1861-65, bryddaði upp á ýmsu nýstárlegu í tónlist.

vildi skapa fólk á öllum aldri tækifæri til að bæta sér upp slík- an missi og tónmennta sig, þótt það hefði enga undirstöðu nema áhugann einan. Grundvallar-afstaðan er sú, að tónlistin sé ekki fyrir fáa útvalda, heldur sé hún mannbætandi fyrir alla Samkvæmt þessu er eftirsóknarvert í sjálfu sér að íkka tónlist. Ekki endilega til að stefna að snillingstitli, heldur einfaldlega til að spila, og spila með öðrum. Skólinn hefur líka leitast við að lána þeim hljóðfæri, sem ekki áttu, og veita aðstöðu til æfinga í húsakynnum sínum nánast nótt sem nýtan dag. En slík aðstaða getur oft verið torfengin í heimahúsum, jafnvel þótt hljóðfæri sé til.

Af sjálfu mun leiða, að nemendur þessa skóla eru ógn sundurleitari en öðrum tónlistarskólum, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. Engu að síður æfa þeir samleik, og á mánudagskvöldið 27. apríl hélt strengja-sveit skólans tónleika í Bústaba-kirkju. Þar var leikin barokk-tónlist frá 17. og 18. öld.

Það er að mörgu leyti lærðómríkt að hlusta á skólatónleika, — líkt og að fylgjast með æfingum hjá atvinnumannum.

ingu, s.s. áhrifin af því, þegar tvær lúðrasveitir spila hlíð við hlíð, sitthvort lagið. Charles Ives drakk í sig áhuga föður síns á kvarttóna og fjöltóna hljómlist: taktarugli og fjöltónkun: óhefðbundinni staðsetningu hljóðfæraleikara í hljómsveit og hann var farinn að fitla við atónal tónsmíðar þegar Schoenberg var enn síð-rómantiker. Með slíkt veganesti hélt hann í Yale-háskólann, þar sem hann lærði að dá Brahms og Schumann. Það má því segja með sanni, að Charles Ives hafi stigið inn í tónlistarsöguna með við-áttumikla þekkingu að baki sér, jafnt á sviði klassískrar tónlistar sem og í byltingarkenndri nýsköpun.

Þessum tvöfalda Ives, hinum hefðbundna og formbrjótnum, kemur Dietrich Fischer-Dieskau til skila á fágadan og kraftmikinn hátt og nýtur aðstoðar hins næma undirleiks Michael Ponti. Söngvarnir eru 18 talsins (en eftir Ives liggja hátt á annað hundráð söngva) og spanna þeir tímabilið frá 1890-1921.

## Eiríkur Smith í Kjarvalssal

Sýningaropnun Eiríks Smith á Kjarvalsstöðum hefur vart farið fram hjá þeim sem á annað borð lesa dagblöð eða hlusta á útvarp. Á skömnum tíma seldist sýningin nær upp, eða 70 verk en alls eru 114 verk á þessari sýningu. Af þeim eru 20 þjóðsagnamyndir í eigu Olivers Steins, auk nokkurra verka í einkaegm.



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

Hér má því tala um „sucess“, alla vega hvað vinsældir áhrærir og er leit að víðlíka móttökum og þeim sem sýning Eiríks hefur fengið.

Ekki fæ ég kastað tölu á undangengnar sýningar Eiríks, en eftir sýningarfrá mun hann fyrst hafa tekið þátt í Haustsýningunni 1953. Síðan hefur hann oft sýnt og víða, m.a. í Bandaríkjunum, Þýskalandi og á Norðurlöndum. Reynsla hans er því drjúg enda hefur hann stundað málverkið hátt á 5. áratug, (sbr. víðtal í Lesbók Morgunbla. 11.4. '81).

Stóra stökkið í myndlistarferli Eiríks gerðist á 7. áratugnum, þegar hann sagði skilið við abstrakt-málverkið og hóf að mála figúratíft. Líkt og margir, sá Eiríkur í popp-listinni þann hvata sem honum nægði til

vendingar. Síðan hafa orðið miklar breytingar á málverki hans og má segja að nú séu þessi umskipti til fullnustu um garð gengin. Eftir stendur Eiríkur sem raunsæismálari, ný-symbolskur og ljóðrænn.

Hvað svo sem flokkun snertir eða stefnur, skiptast verk Eiríks í tvo hópa, vatnslitamyndir og

olumálverk. Vatnslitamyndirnar eru flestar landslagsverk í næsta fótó-realískum stíl. Þetta er heppilegri hluti sýningarinnar. Meðal þessara mynda má finna afbragðsverk, svo sem nr. 54-56, 59, 61, 65 og 71-72. Þessar myndir eru kunnáttusamlega gerðar og beitir Eiríkur oft penslinum af mikilli leikni og sýnir að hann hefur næma tilfinningu fyrir eðli miðilsins. Þannig eru það vatnslitamyndir Eiríks sem gefa sýningu hans gildi, þær eru lausar við allar vafasamar tilraunir til óræðrar tjáningar sem spilla olumálverkunum.

Eftir lesbókarviðtali Gísla Sigurðssonar við Eirík að dæma (heimilda áður getið), virðist það helsta keppikefli listamannsins að ná valdi á einhverju sem hann kallar

„klassískt málverk“. Kunnáttuleysi á því sviði finnst Eiríki ómurlegt, svo notuð séu hans eigin orð. En hvað kemur honum til að halda að með því sé björninn unnin? Þarf hann þá ekki einnig að leggja fyrir sig kínverska blektækni, japanska tréristu eða persneska smámyndagerð? Er myndlist einhver tugþrautaríþrótt þar sem sá er mestur sem ræður yfir flestum tæknibrellum?

Hér er einmitt fólgin ástæðan fyrir því að olumálverk Eiríks virðast ekki sannfærandi. Ofuráhersla hans á tækninni skilar sér einungis í yfirborðslegri ásýnd. Loftfjarvíddartæknin sem Eiríkur notar „til að komast inná dýptarplaníð“ er engin trygging fyrir því að málverk hans geti kallast klassísk. Reyndar eiga þau lítið sem ekkert skylt við málverk fyrri alda. Þau eru miklu fremur í ætt við myndskreytingar úr tímaritum og heyrja því frekar auglýsingatækninni til. Þessu veldur sú áráttá Eiríks að bæta inn í landslagið, draumkenndum andlitum sem gera myndir á borð við „Tvær verur“ (nr. 40) og „Botnsúlur“ (nr. 87) ísætar. Andlitin eru einfaldlega of tiskuleg til að falla í umhverfið. Mun heppilegri lausn er fólgin í því að sýna verur í fjarska, líkt og í „Regn og land“ (nr. 33) eða „Undir Jökli“ (nr. 36)

Á því er enginn vafi að Eiríkur Smith býr yfir þeim skilningi



Sýning Eiríks Smith — aðeins íþrótt eða einlæg tjáning?

á eðli myndlistar sem þarf til að yfirstiga viss vandamál tjáningar. Það er miklu fremur meinloka sem heftir hann. Þessi meinloka er fólgin í afstöðu hans til annarrar listar en hans eigin. Þegar hann heldur því fram t.d. að teikningin í klassískri myndlist (og hans eigin) sé númer eitt, á hann þá við að í verkum manna á borð við Picasso eða Klee sé hún númer þrjú eða fjögur? Hvað klassíska tækni áhrærir heldur Eiríkur að það hafi verið auðveldara fyrir Cézanne að mála sig frá klassíkinni, en Giotto til hennar?

Maður sem gengur í fyrsta sinn inn á safn á það til að falla í stafi yfir „snilldarlegu

handbragði“ gömlu meistaranna og Jesúsá sig yfir þeirri tækni sem honum finnst ganga göldrum næst. Þetta á einnig við um þá sem aldrei hafa snert á pensli og vita ekkert út á hvað málalist gengur.

En Eiríkur sem hefur að baki rúmlega 30 ára reynslu, ætti að vita betur og veit reyndar að tækni skiptir snöggtum minna máli en hann vill vera láta. List er ekki íþrótt heldur tjáning sem krefst einlægni fyrst og fremst. Með slíkt að leiðarljósi, mundu málverkin ná vatnslitamyndunum og öðlast þann lífsryðma og dýptarplan sem hvorki gamlar endurreisnarformúlur né auglýsingatækni ná að veita þeim.